

Enska 8. bekkur 2021 - 2022

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Leitast verður við að þjálfna nemendur í öllum fjórum færniþáttunum, lestri, hlustun tali og ritun. Notast verður meðal annars við kennslubókina Spotlight 8 ásamt vinnubók og hlustunarefni.

Í ensku verður einnig unnið með tónlist, myndbönd og myndir, jafnt í einstaklings- sem og hópavinnu og lestur bóka. Nemendur eiga að skila minnst einu „book-report“ á hvorri önn.

Hlustun, lestur, ritun, tal og málfræði.

Hlustunaræfingar eru tengdar kennslubókinni Spotlight ásamt bíómyndum og öðru efni af netmiðlum.

Mikil áhersla er lögð á lestur jafnt í kennslubókum sem og yndislestri bæði upphátt og í hljóði.

Nemendur skila 10 ritunum á hvorri önn, minnst 15 línur í senn og mikil áhersla er lögð á fjölbreyttan orðaforða sem og stafsetningu.

Nemendur flytja munnlegar kynningar jafnt og þétt yfir veturinn, lesa upp ritanir og bókakynningu og flytja glærुकynningar, ásamt því að tjá sig á ensku í kennslustund.

Málfræði er unnin jafnt og þétt á skólaárinu, tengd þeim verkefnum sem eru unnin hverju sinni.

Mikil áhersla er lögð á að nemendur vinni vel og læri orðalista með námsefninu og tengi þá ritunum og verkefnavinnu.

Námsáætlun

ENSKA – 8. BEKKUR

Námsáætlun á haustönn 2021

24. ágúst – 20. desember

Spotlight 8 Unit 1 - 4 Lesbók og vinnubók, unnið í tímum og heima. Verkefni í vinnubók eru unnin í stílabók ásamt öðrum ritunarverkefnum og muna að læra orðaskýringar með köflunum bls. 131 – 143 í lesbók. Einnig er mikilvægt að læra kennimyndir óreglulegu sagnanna bls. 128 - 130 í lesbók. Heimavinna skráð í Mentor.

Kaflapróf 29. september – Það verður prófað úr 1. kafla í Spotlight, lesbók og vinnubók. Muna að læra orðalista.

Hæfniviðmið:

Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu

Ritun – Skrifa vikulega minnst 15 línur í stílabók um ákveðið efni sem tengist námsefninu eða málefnum líðandi stundar. Muna að dagsetja og vanda skrift og frágang og fá aðstoð heima. Hafið í huga að nota fjölbreytt orðalag og orðaforða og að lesa yfir upphátt heima. Það á að skila 10 ritunum og lesa eina upphátt fyrir bekkinn á önninni.

Hæfniviðmið:

Skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tæk á orðaforða og meginreglum málnotkunar.

Skrifað ýmsar gerðir af textum og tjáð sig um skoðanir sína, tilfinningar, reynslu og þekkingu

Óreglulegar sagnir - Könnun 20. október – Læra óreglulegu sagnirnar bls. 128 – 130 í lesbók.

Hæfniviðmið:

Gert sér grein fyrir því hvernig málin nota ólíkar leiðir til að tjá tíð og stigbreytingu

Kaflapróf 3. desember - Það verður prófað úr 2. og 4. kafla í Spotlight, lesbók og vinnubók. Einnig verður prófað í lesskilningi og málfræði.

Hæfniviðmið:

Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu

Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í námi og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.

Tölvu- og bókasafnstímar – Heimildavinna sem tengist námsefninu. Verkefninu á að skila á plakati og æfa kynningu fyrir bekkinn.

Hæfniviðmið:

Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi

Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi

Lestur - 'Book-report' lesa bók og skila book-report í október/nóvember og flytja munnlega fyrir bekkinn. Book-report á að vera minnst ein bls. í stílabók. Munið að skrifa dagsetningu efst hægra megin og fyrirsögn fyrir miðju, skipta síðan í kafla og taka eftirfarandi fram; title, author, pages, main characters, theme, conclusion, your opinion.

Hæfniviðmið:

Lesið sér til gagns og ánægju almennan texta af ýmsum toga

Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu

Grunnþættir menntunar

Heilbrigði og velferð	stuðla að jákvæðum skólabrag, sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefnum, nýtir styrkleika sína í vinnu sinni og samskiptum við aðra,
Jafnrétti	temur sér gagnrýna hugsun í greiningu sinn á aðstæðum, fer eftir reglum í samskiptum sínum við aðra, tekur tillit til skoðana annarra,
Lýðræði og mannréttindi	kemur fram við samstarfsfólk sitt af virðingu og tillitssemi, vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar, vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýnin hátt, temur sér siðferðisleg gildi í umgengni sinni við aðra,
Læsi	les upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu, tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem hann þekkir, nýtir ýmis hjálpargögn svo sem orðabækur og netmiðla
Sjálfbærni	tekst á við álitamáli í ræðu sinni um málefni sem varða umhverfi hans,

Sköpun

þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila,
virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir við vinnu verkefna,
nýtir hæfileika sína og skapar afurð

Námsmat

Námsmat:

Enn sem fyrr munu einkunnir gefnar fyrir einstök hæfniviðmið en hæfniviðmið liggja á bak við verkefni nemenda. Nemendur/foreldrar geta séð hvaða hæfniviðmið liggja að baki hverju verkefni þegar farið er inn í námslotur námsgreinarinnar á Mentor. Gefnir verða bókstafirnir A, B, C, D fyrri hæfniviðmiðin en lokið /ólokið fyrir einstök verkefni. Í janúar fá nemendur mat fyrir haustönnina í heild sinni og í maí fá nemendur námsmat fyrir allt skólaárið.

Kaflapróf 30% - lestur, orðaforði,

Ritanir 30% - uppsetning ritana, málnotkun, stafsetning, málfræði, upplestur

Óreglulegar sagnir 10% - Kunna kennimyndir óreglulegu sagnann í lesbók

Kynningar/hópaverkefni 15% - samvinna, upplýsinga

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti	samskipti einkennist af gagnkvæmri virðingu og tillitssemi
Mæting	nemendur mæti á réttum tíma með kennslugögn í kennslustundir
Virgni í tímum	nemendur fari eftir fyrirmælum kennara og nýti kennslustundir vel
Skil á verkefnum - sein skil	nemendur skili verkefnum samkvæmt námsáætlun og upplýsingum í Mentor
Ritstuldur	nemendur skrifi ekki upp eftir öðrum
Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur	nemendur nýti sér orðabækur og hjálpargögn á Netinu
Skyldur nemenda	nemendur beri ábyrgð á námi sínu og virði vinnu samnemenda og kennara
Skyldur kennara	að miðla þekkingu og leitast við að mæta ólíkum þörfum nemenda
Stoðþjónusta nemenda	sérkennarar, stuðningsfulltrúar og námsráðgjafi